



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Laugasól

2025 – 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	5
3	Innra mat Deilda og verkefnastjóra í Laugasól.....	7
3.1	Draumalækur 2024-2025	7
3.2	Sunnulækur 2024-2025	8
3.3	Mánalækur 2024-2025	9
3.4	Undralækur 2024-2025	10
3.5	Fagrilækur 2024-2025.....	11
3.6	Ljúfilækur 2024-2025.....	13
3.7	Sérkennsla 2024 – 2025.....	14
3.8	Mat frá starfsmönnum utan deilda.	14
3.8.1	Töfralækur – 2024 – 2025	14
3.8.2	Einingakubbar – 2024 – 2025.....	15
3.8.3	Málörvun – 2024 – 2025	16
4	Umbótaáætlun 2024-2025	18
4.1	Yngri hópur	19
4.2	Eldri hópur.	21
4.3	Sérkennsla	23
5	Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	25
6	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar.....	25
7	Foreldrasamvinna.....	26
8	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	26
8.1	Skipulagsdagar veturinn 2025 – 2026.....	26
8.2	Leikskóladagatal 2025 – 2026	27
9	Heimildir	27
		2





1 Greinargerð leikskólastjóra

Síðastliðinn skólavetur hefur leikskólinn Laugasól verið starfræktur í tveimur húsum, Leirulæk 4 og Safamýri 5. Það var tekin ákvörðun um að rífa Laugaborgar húsið eftir að það kom í ljós að ekki var burðarþol í húsinu fyrir því að breyta Laugaborgar húsnæðinu í tveggja hæða hús. Það hefur síðan komið í ljós að Lækjaborgarhúsið er ekki í góðu ásigkomulagi og því mun allur leikskólinn vera starfræktur frá og með haustinu 2025 í Ármúla 28. Leikskólinn verður þar næstu árin á meðan verið er að byggja einn nýjan leikskóla á gömlu Laugarsólar lóðinni. Það verður stór leikskóli sem mun rúma allt frá 120-150 börn.

Á yfirstandandi skólaári var ekki slegið slöku við í fagmennskunni með krefjandi verkefnum. Leikskólinn var í Erasmus samstarfi við háskólann í Stokkhólmi, Háskóla Íslands og fjóra leikskóla í Stokkhólmi ásamt fjórum leikskólum á Reykjavíkursvæðinu. Þeir voru í verkefni sem snýr að þátttöku kennarans í leik barna með félagslega sjálfbærni að leiðarljósi. Verkefnið hafði vinnuheitið „Leikur, nám, gleði“. Starfsmenn ásamt stjórnendum frá leikskólum í Stokkhólmi hafa komið hingað til Íslands í vinnuferðir og eins hafa starfsmenn ásamt stjórnendum frá Íslandi farið til Stokkhólms. Þetta hafa verið gefandi, skemmtilegar og ögrandi vinnuferðir. Þessu samstarfsverkefni með Svíþjóð lauk núna vorið 2025. Háskóli Íslands og leikskólarnir fjórir á Íslandi hafa hins vegar áhuga á að vinna áfram í þessu verkefni hérna heima. Leikskólarnir ásamt Háskóla Íslands sóttu um styrk til verkefnisins og fengu hann.

Leikskólinn Laugasól er **réttindaskóli Unicef** og hlaut þá nafnbót vorið 2024. Samstarf við Unicef mun halda áfram næsta skólaár og mun skólinn gera áætlanir og endurmat varðandi þetta verkefni og viðhalda því að vera réttindaskóli.

Regnbogavottuninni verður viðhaldið með fræðslu og miðlun til barna og starfsfólks. Í vor var mikilvæg upprifjun í formi fyrirlesturs og umræðna, fyrirlesarinn var Þórhildur Elínard.

Magnúsardóttir Sérfræðingur í málefnum hinsegin fólks / LGBTQIA+ specialist frá Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Þar fór fram góð upprifjun sem nýtist skólanum vel til að viðhalda þessari góðu vottun. Það er nú sem aldrei fyrr gott að viðhalda mannkærleik og getu okkar til að fá að vera eins og við erum.

Skólinn tók inn verkefnið „Lubbi finnur málbein“ á fráfarandi skólaári. Þetta er verkefni til málörvunar fyrir öll börn og hefur gefist vel frá því það var tekið inn. Þeirri vinnu verður haldið áfram á næsta skólaári.

Verkefni næsta skólaárs eru áskoranir á borð við flutninga þar sem bæði húsin verða saman og við munum dvelja í Ármúlanum um töluverðan tíma, allavega tvö ár. Auka samstarf við foreldra, viðhalda því að vera orðin réttindaskóli Unicef, Virkja „Leik, nám og gleði“ á öðrum forsendum og takast á við þá vinnu. Styðja við máltöku barnanna með málörvun í leik og skipulögðum stundum. Styðja við og virða fjölbreytileikann í allri sinni mynd, viðhalda náungakærleik, vinsemd og sýna auðmýkt gagnvart þeim stóru verkefnum sem við stöndum frammi fyrir. Við höfum góðan mannauð í Laugasól og það er okkar hagur að viðhalda honum með samtali, hlýju og virðingu.





Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið?	Barnasáttmálinn, Regnbogavottun, Erasmus verkefnið og samskiptasáttmáli
Hvernig fór matið fram?	Þríþætt mat yfir skólaárið á starfsdögum (október, febrúar og maí). Spurningar og vangaveltur um vinnuna tengda þessum þáttum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk leikskólans.
Helstu niðurstöður mats	Margt sem kom mjög vel út. Regnbogavottun og Barnasáttmálinn eru orðin að starfsháttum hjá okkur í dag frekar en einhverskonar verkefni. Erasmus verkefnið gekk að mörgu leyti vel en margt sem má efla og þróa betur. Það er því mikil tilhlökkun að þróa starfið í kringum leikinn áfram. Einnig er áframhaldandi vinna með samskiptasáttmála skólans næsta ár og því margt tengt honum sem gefur okkur tækifæri til að þróa betur.

Ytra mat

Hvað var metið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun send á foreldra og forráðafólk.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar og forráðafólk.
Helstu niðurstöður mats	Kom heilt yfir mjög vel út. Það var afar gleðilegt að sjá að starfið sé að skila sér þrátt fyrir erfiðleika í húsnæðisálum og að börnum líði vel í skólanum. Styrkleikinn okkar er fagstarfið og mannauðurinn. Það sem við myndum vilja bæta enn betur eru vinnuaðstæður starfsmanna, finna góðar lausnir í nýju húsnæði bæði úti og inni fyrir börnin þannig að þeim geti liðið vel.





2 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Umbótaþættir næsta árs snúa að starfsmannahópnum líkt og síðasta á. Síðustu ár hafa einkennst af flutningum, óvissu og að lokum voru skólarnir aðskildir í tveimur húsum með talsverðri vegalend á milli.

Við stjórnendur lögðum upp síðasta vetur með að huga vel að hópnum og stefndum að því að auka samtöl milli stjórnenda og starfsfólks yfir veturinn. Það tókst að auka snerpusamtölin yfir árið, frá einu á ári yfir í eitt á önn.

Það tókst ágætlega að halda utan um hópinn en markmiðið er að gera enn betur næsta vetur. Þar sem skólinn fer í sameiginlegt húsnæði næsta skólaár eru enn fleiri tækifæri til að bæta ofan á þá vinnu sem var unnin í vetur með það að markmiði að auka starfsánægju, gleði, samskipti og traust í hópnum enn frekar. Við erum mjög lánsöm með starfsmanna- og kennarahópinn í Laugasól og það er að okkar mati mjög mikilvægt að huga vel að þessum þætti ef skólastarfið á að blómstra.

Margt við okkar aðstæður í vetur gerði það erfitt fyrir að hafa samtölin oft en tvisvar. Við stjórnendur vorum ýmist í sitthvoru húsinu, á milli húsa og því mikið á ferðinni auk þess að sitja fundi utan skólans. Þetta fékk okkur til að leita mögulega að nýrri leið til að nálgast örsamtöl í sambland við tvö starfsmannasamtöl yfir árið.

Við ætlum að fara nýja leið næsta vetur og bjóða upp á **innlit**. Tekinn verður frá tími í hverri viku þar sem fólk getur komið og rætt hluti sem liggur á þeirra hjarta. Þessi samtöl miðast við 10 mínútur. Ef samtalið er þess eðlis að það þurfi lengri tíma þá er fundinn nýr tími þar sem hægt er að ræða málin nánar. Við teljum að þessi samtöl muni auka aðgengi að stjórnendum í daglegu starfi og að þau ásamt snerpusamtölum tvisvar yfir árið auki samskiptin og innsýn stjórnenda í starfsmannahópinn sem leggur svo grunn að traustum samskiptum yfir heildina.

Foreldrasamstarf er einnig mikilvægur liður í skólastarfinu sem okkur langar að efla en frekar. Það þarf að efla þátttöku í foreldrafélagi og foreldraráði skólans. Við fundum það á eigin skinni síðasta vetur hversu mikilvægur stuðningur foreldra er við skólastarfið þegar miklar breytingar eru að eiga sér stað. Allt frá samtali um bókakost skólans yfir stuðning í húsnæðismálum. Markmið næsta árs er að styðja betur við þessi félög, kynna en betur í upphafi árs og fá foreldra skólans nær skólastarfinu okkar.





Innlit.

Stjórnun- mannauður/leikskólabragur	
Umbótaþáttur	Innlit
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Ný samskipta leið – stefnt að auknum samskiptum í daglegu starfi milli stjórnenda og starfsfólks á markvissan hátt.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Taka frá 1-2 klst. í viku þar sem hægt er að skrá sig í innlit.
Ábyrgð	Leikskólastjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haustið 2025 – áætlað að þessu ljúki aldrei og verði í stöðugri þróun.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið vorið 2026 í samtölum við starfsfólk og kennara.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Markvissari samskipti byggð á trausti milli stjórnenda og starfsfólks. Aukin starfsánægja og aukið öryggi starfshópsins.

Foreldrasamstarf

leikskólabragur	
Umbótaþáttur	Foreldrasamstarf.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Efla þátttöku foreldra í foreldraráði og foreldrafélaginu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kynna ráðið og félagið betur og sýna fram á mikilvægi þeirra í skólastarfinu með betri hætti.
Ábyrgð	Leikskólastjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haustið 2025 – áætlað að þessu ljúki aldrei og verði í stöðugri þróun.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið vorið 2026 í samtölum við foreldraráð og foreldrafélagið.
Viðmið um árangur	Aukin samvinna skóla og foreldra sem leiðir að meira gæðastarfi.





3 Innra mat Deilda og verkefnastjóra í Laugasól.

3.1 Draumalækur 2024-2025

Styrkleikar

Veturinn gekk vel í tengslum við Unicef og Regnbogavottunina. Börnin hafa tekið miklum framförum í samskiptum sín á milli, hlusta vel á hvort annað og hægt að sjá þróun í félags þroska barnanna. Bæði sem einstaklingar en einnig sem hópur. Það er mikið lagt upp úr að vera vinaleg við hvort annað inn á Draumalæk, virða skoðanir og bera virðingu fyrir hvort öðru. Þar eru okkar styrkleikar að okkar mati þar sem við sjáum þetta endurspeglast í barnahópnum. Þau tala um að vera vinalegur og hafa heiminn fallegan. Það er einnig lagt upp úr því að hlusta á börnin, virða skoðanir þeirra og hugmyndir með það að markmiði að efla þau sem sjálfstæða einstaklinga. Það hefur skilað sér í ákveðnum og hugmyndaríkum barnahóp sem gaman og fróðlegt er að vera með.

Í leik verkefninu „Leikur, nám, gleði“ var okkar styrkleiki sá að við sem hópur lögðum okkur allar fram við að taka þátt í leik barnanna. Það var ofsalega gaman að taka þátt í leiknum og mjög lærdómsríkt. Draumalækur var einnig með samstarfskennara í Svíþjóð sem komu í heimsókn og gaf það mikið inn á deildina og í verkefnið. Eftir veturinn erum við óhræddar við að taka þátt í leik barnanna, hlusta á börnin og leyfa þeim að leiða okkur áfram.

Í tengslum við samskiptasáttmála skólans liggja styrkleikar okkar í samvinnu okkar, gleði og ánægju okkar af starfinu í leikskólanum.

Tækifæri

Við sjáum tækifæri í því að efla okkur enn frekar í að grípa tækifærin þegar þau gefast í barnahópnum. Til þess að það sé hægt þarf að vera mjög meðvitaður um þessa þætti og réttindi. Halda áfram að efla þekkingu okkar á Barnasáttmálanum og hinsegin málefnum til þess að geta unnið áfram markvisst að þessum málefnum.

Við sjáum mikil tækifæri í leik verkefninu til að efla þátttöku okkar í leik barnanna. Efla þekkingu alls starfsfólks með fræðsluefni og djúpum samræðum um leikinn. Mikilvægi hans og mikilvægi okkar þátttöku og hvernig hún getur farið fram.

Tækifæri okkar í vinnu í tengslum við samskiptasáttmálann er að tengja okkur saman sem einn skóla, muna að við erum ein heild, ekki tvö hús. Efla samtal okkar á milli, hvetja hvort annað áfram og hugsa í lausnum.



3.2 Sunnulækur 2024-2025

Styrkleikar

Veturinn hefur gengið ljómandi vel og við höfum staðið okkur nokkuð vel að haga starfinu á deildinni út frá Barnasáttmálanum, þ.e. börnin fá að hafa sitt hvað um daglegt líf sitt hér að segja og ráða hinu og þessu, allt samt auðvitað sniðið að þeirra þroska og getu. Tókum tillit til barnahópsins og aðlöguðum hlutverkin sem börnin hafa hér að þeirra áhugasviðum, tókum út Sóparann fyrir Þvottastjóra, sem hefur gefist mjög vel, og lífuguðum við Bókaorminn sem er alltaf jafn vinsælt og eftirsótt hlutverk. Styrkleikar okkar liggja einna helst í opnu og gagnrýnu samtali, bæði við börnin sem og innan starfsmannahópsins, vakandi augu og þess gætt að nýta tækifærin þegar þau gefast til þess að valdefla og styrkja börnin í því að æfa sig í að hjálpa sér sjálf. Erum opin fyrir því að breyta hinu og þessu þegar við finnum og sjáum að það er ekki að virka eða veita börnunum ánægju.

Regnbogavottunin er orðin hluti af menningunni innan veggja leikskólans og við höfum vakandi auga með umræðum og pælingum í barnahópnum og tókum spallið ef þörf þykir. Árlega Gleðigangan er alltaf ákveðinn hápunktur og í henni kristallast svo augljóslega jákvæðnin, skilningurinn og samþykkið sem fólkið hér í nærumhverfi leikskólans sem og innan hans er tilbúið að sýna öðrum. Sem er okkar helsti styrkleiki innan sem utan skólans.

Styrkleikar okkar í tengslum við leik verkefnið liggur í áhuga á að auðga og dýpka leik barna, þó að upplifun okkar að fráfaramandi hafi ekki verið mikil síðasta árið þá er hins vegar áhugi fyrir því í hópnum að skoða vinna með þetta verkefni áfram og takast á við áskoranir tengt því.

Styrkleikar okkar í tengslum við samskiptasáttmála skólans liggja í góðum starfsanda, húmor og léttleika, góður og sterkur grunnur af reynslumiklu starfsfólki í bland við yngra fólk. Það er ansi gott að byggja sáttmála á þeim grunni.

Tækifæri

Í rauninni ættu börnin að geta verið virkir þátttakendur í langflestum þáttum leikskóladagsins og haft bein áhrif á fleiri þætti en nú er. Verum vakandi og jákvæð fyrir því að leyfa þeim að taka virkari þátt og leyfa þeim að spreyta sig meira í daglega lífinu hér.

Tækifæri í tengslum við leik verkefnið sem við sjáum liggja einna helst í samstarfi deildanna og skólanna hér á Íslandi. Samstarfsverkefni eins og á að fara í gang næsta skólavetur er tilvalið til að gefa okkur tækifæri til að læra hvert af öðru, bæði hvernig við viljum gera hlutina og kannski líka hvernig við viljum síður gera þá. Getum veitt hvort öðru innblástur og hugmyndir.

Í tengslum við samskiptasáttmálann sjáum við tækifæri í að festa í sessi samskiptasáttmála sem gildir þvert á deildir og á við um allan leikskólann, sé sem sagt sameiginlegur þvert á aldur. Við sjáum tækifæri í því að skólinn sé að sameinast í eitt hús á næsta ári og teljum að það muni óneitanlega hafa ákaflega jákvæð áhrif á samskipti og skólabraginn í leikskólanum.

3.3 Mánalækur 2024-2025

Styrkleikar

Unicef og Regnbogavottunin er að ganga mjög vel þ.e. við erum alltaf í samtali og meðvitund um mikilvægi þessara tveggja þátta. Börnin hafa áhrif á verkefni dagsins og við starfsfólkið alltaf með í huga hvað og hvernig við gerum til að auka þeirra lífsgæði og tilvist á þann hátt að þau séu þátttakendur í sínu lífi, eflist og styrkist. Styrkleikar okkar liggja í því að við erum með opinn hug og reynum að vera lausnamiðaðar. Viljum frekar vera partur af lausninni en vandanum.

Í tengslum við leikinn liggur okkar styrkleiki í áhuga á leik og þroska barna sem og aðstæðum sem við sköpum börnum.

Í tengslum við samskiptasáttmálann er mannauðurinn okkar styrkleiki klárlega ekki húsnæðið!

Tækifæri

Það þarf að passa að upplýsa foreldra um hvað þetta felur í sér. Unicef /barnasáttmálinn og sú vinna þarf að verða sýnilegri á veggjum deildarinnar og hvernig við tengjum ýmsar greinar við starfið.

Leikverkefnið náði ekki flugi inn á Mánalæk síðustu tvo vetur. Væntingar til komandi samstarfs eru hins vegar miklar. Allt starfsfólk verður þátttakendur. Heimsóknir milli skóla og heimsóttar deildir með sama aldur. Vonandi næst að skapast samræður um mikilvægi leiks barna, umhverfis og efniviðar. Við sjáum tækifæri í samtali við aðra í sömu stöðu og við það er tækifæri til þróunar og ekki hvað síst verður starfsfólk að vera með opinn huga og tilbúið að sjá ljósið.

Í tengslum við samskiptasáttmála skólans. Sjáum við tækifæri í því að gera sameiginlegan samskiptasáttmála yfir skólann. Við sjáum líka tækifæri í upplýsingagjöf til starfsfólks og þeirra upplifun á því að hafa meira um sinn vinnustað að segja. Það þarf að finna einhvern flöt á því að endurvefja gömlu starfsmannafundina, hvernig svo sem það er hægt. Halda því á lofti að vinna í Laugasól þýðir að vera partur af lausninni ekki vandanum. Það er eingöngu maður sjálfur sem að bera ábyrgð á eigin hugsunum, pælingum og viðbrögðum.

3.4 Undralækur 2024-2025

Styrkleikar

Erum með tvo fulltrúa í réttindaráði sem fara regluleg á fundi og segja svo frá efni þeirra í samverustund. Við vinnum með hugmyndakassa og veljum, á lýðræðislegan hátt, hvaða hugmyndir við framkvæmum í deildarstarfinu. Okkur hefur gengið vel að sinna hugmyndakassanum sem er inni á deildinni og er mjög aðgengilegur fyrir börnin. Höfum líka verið að vinna verkefni í sambandi við regnbogavottun og börnin máluðu stóra regnboga á gluggarúðurnar á deildinni. Þau bjuggu líka til fána í öllum regnbogans litum hjá Möggu á Töfralæk og voru með þá í gleðigöngunni í Laugardal 16. maí.

Leik verkefnið var mjög skemmtilegt fram eftir vetri og leikstundirnar í salnum voru vinsælar en dattu niður eftir páskafrí. Við erum enn þá með sögupersónurnar sýnilegar á veggjunum inni á deild en börnin hafa ekki verið að veita þeim mikla athygli eða teikna þær eins og þau gerðu á meðan við unnum verkefni eða skipulögðum ákveðnar leikstundir tengdar sögunni. Okkar styrkleiki er mikill áhugi og því gekk vel þegar við unnum markvisst með söguna.

Styrkleiki okkar í tengslum við samskiptasáttmála er samheldinn og öflugur starfsmannahópur.

Tækifæri

Höfum ekki náð undanfarið að fara reglulega yfir spjöldin í tengslum við Unicef (taka 2 spjöld fyrir í viku). Tækifærin liggja í samskonar verkefnum með meiri fjölbreytni. Það er mikilvægt að halda áfram að fara reglulega yfir spjöldin eins og til stóð og tengja við verkefni sem eru í gangi inn á deildinni hverju sinni.

Í tengslum við leikverkefnið er áframhaldandi samstarf við íslensku skólana bara spennandi. Tækifærin liggja í ótal skemmtilegum sögum og persónum sem hægt er að vinna með.

Þegar kemur að samskiptasáttmálanum er mikilvægt að allar deildir nái að gera samskiptasáttmála hver fyrir sig og vinni aðal áherslur þaðan áfram í samskiptasáttmála leikskólans í heild sinni. Mikilvæg næstu skref er að lesa í styrkleika deilda og áhugamál starfsfólks til að efla bæði skólabraginn og starfshópinn.

3.5 Fagrilækur 2024-2025

Styrkleikar

Veturinn gekk vel við vörum með skipulagðar stundir hvað Barnasáttmálann varðar einu sinni í viku. Vinnan með hugmyndakassann er mjög virk á Fagralæk. Réttindaráðið fór aftur af stað með góðum fundargerðum. Síðasti fundur var virkilega skilvirkur, þá völdu allir úr eldri árganginum fulltrúa úr þeim yngri. Styrkleikarnir okkar eru klárlega þeir að ekki einungis börnin „nýju“ heldur einnig allir kennararnir öðluðust enn meira sjálfstraust í að ræða Barnasáttmálann. Við erum einnig til fyrirmyndar hversu dugleg við erum að virða skoðanir barnanna í tengslum við útiveruna. Tökum samtalið ef þau vilja ekki fara út en að sama skapi virðum þeirra val og líðan þann daginn. Það getur svo breyst á morgun, með veðri, vindum og ekki síst dagsforminu.

Breytingarnar eru einnig þær að við höfum verið að föndra meira í tengslum við Regnbogavottunina: hanna vinabönd, veifur, fána og fleira. Lesið bækur og staldrað við og rætt að við séum öll ólík eins og regnboginn en saman myndum við eina heild. Styrkleikarnir liggja í fjölbreyttari bókavali sem og sönglögum en við höfum verið að fara í gegnum það á deildinni í vetur. Styrkleikar okkar og einnig skólans er að vera tilbúin í að skoða starfið með gagnrýnum augum og bæta við ef við teljum það nauðsynlegt til að þróa vinnuna.

Styrkleikar okkar í leik verkefninu er áhugi starfsfólks á verkefninu og þar með þátttaka þeirra. Einn starfsmaður sérstaklega vann ótrúlega fallegt starf í uppbyggingu leikheimsins sem skapaðist. Málaði á vegg, hannaði og byggði skip fyrir leikinn og þróaði ýmis verkefni með áhuga barnanna að leiðarljósi. Styrkleikarnir liggja einnig í sköpun barnanna á meðan þau fá að skapa sjálf þematengda hluti og fá að þróa sinn leik. Þetta eflir þau á svo margvíslegan hátt og ekki síst trú á eigin getu.

Í tengslum við samskiptasáttmálann er styrkleikinn í okkar skóla auðvitað mannauðurinn. Það er gulls í gildi að hafa mikið af fagmenntuðu fólki á mörgum vígstöðum það er mjög nærandi. Við erum sífellt opin fyrir því að læra og tileinka okkur nýjar stefnur og læra nýja hluti. Lykillinn að góðum leikskóla er að vera framsækinn.



Tækifæri

Það liggja tækifæri í að þróa réttindaráðið enn betur og sjá hvernig næsti hópur sér hlutina. Halda áfram að þróa hugmyndakassann og dýpka þá vegferð.

Regnbogavottunin er í stöðugri þróun og við sjáum sífellt tækifæri til að bæta við og auðga umræðuna í barnahópnum. Bæta bókakost, endurskoða sönglög og slíkt áfram.

Við sjáum mjög spennandi tækifæri í áframhaldandi samstarfi íslensku skólanna í tengslum við leikinn. Fara í heimsóknir, læra af öðrum skólum sem eru okkur nær og margt fleira.

Hvað samskiptasáttmálann varðar sjáum við tækifæri í að efla sýnileika sáttmálans inn á deildinni og tengja hann við daglegt líf barnanna. Senda jafnvel heim til foreldra svo samtalið sé á báðum stöðum. Með því er hægt að vísa í sáttmálann og virkja hann í daglegu starfi í gegnum allan daginn.



3.6 Ljúfilækur 2024-2025

Styrkleikar

Vinna með Barnasáttmálann gekk vel í vetur. Við höfðum fastar Barnasáttmálastundir þar sem við tökum fyrir greinar og gerum verkefni tengdar þeim sem má finna í heftinu: *Barnasáttmálinn í leikskólanum – fræðsla og verkefni fyrir starfsfólk leikskóla*. Við höfum hugmyndakassann og kjósum reglulega um þær hugmyndir sem eru komnar hverju sinni. Við komum okkur upp hugmyndatré, sem var reyndar bara ein grein, en gátum hengt hugmyndir á hana. Okkur finnst sem Barnasáttmálinn sé kominn í starfið og börnin þekki hann orðið vel og nýju börnin okkar eru að læra. Börn, sérstaklega eldri hópur, hafa tileinkað sér sáttmálann og sum dugleg að láta vita ef þeim finnst við vera að brjóta hann. Styrkleikar okkar felast í því að hafa starfsfólk með mikla þekkingu og áhuga á þessu viðfangsefni og vinnuháttum.

Styrkleikar okkar í tengslum við regnbogavottunina er að við erum meðvituð um að tengja þá vinnu við margvíslega þætti í starfinu á deildinni. Við höfum sett upp myndir, talað um þær, fræðsla um fánana í kringum gleðigönguna (bæði okkar og aðalgönguna). Við höfum horft á myndirnar Rósalín og Hugrakki riddarinn sem fjalla um hinsegin persónur. Börnunum finnst bara eðlilegt að fólk sé allskonar. Við höfum lesið bækur eins og Vertu þú, Ég er Jass og tengt við barnasáttmálann eins og að allir eiga rétt á að vera eins og þeir eru.

Við höfum stundir í dagskipulaginu í tengslum við leik verkefnið. Ýmislegt var gert til að kveikja áhuga eins og útbúa skip, melónunar (sem börnin voru að búa til), leita að perum úti, mála á vegg og hafa fastar stundir með þátttöku barna og fullorðinna. Styrkleiki okkar felst einnig í því að sú sem leiddi verkefnið í Safamýri er á Ljúfalæk og lagði mikinn metnað í verkefnið.

Styrkleikar okkar í tengslum við samskiptasáttmálann er að við erum öllu vön og getum tekist á við erfiðleika saman og við erum líka fyndin og skemmtileg.

Tækifæri

Við þurfum að halda áfram á þeirri leið sem við erum með Barnasáttmálann en bæta matstæki til að gera börnunum kleift að meta oft og betur starfið í skólanum. Hlusta enn frekar á raddir barnanna um hvernig þau vilja hafa t.d. matsal, útiveru, leikskólann sjálfan.

Við þurfum að fara yfir bækur, spil og annað leikefni og skoða hvort þær samrýmist okkar starfi, bæði út frá Barnasáttmála og Regnbogavottuninni.

Leik verkefnið minnir okkur á að leikurinn breytist ef við erum til staðar og tökum þátt og áframhaldandi vinna mun styrkja það og umgjörðin verður önnur. Við sjáum mikil tækifæri í þeirri vinnu.



3.7 Sérkennsla 2024 – 2025

Styrkleikar

Mannauðurinn, samveruveggirnir sem við settum upp í báðum húsum, uppsetning á stundatöflum starfsfólksins til að nýta sem best styrkleika þeirra, tíma og ná auka stundum inn á milli og sú fagmennska sem sérkennslan sýnir í starfi.

Tækifæri

Að efla starfsfólkið enn meira, finna styrkleika hvors annars og stuðla að faglegu samstarfi.

3.8 Mat frá starfsmönnum utan deilda.

Í Laugasól eru 3 kennarar sem sinna ákveðnum verkefnum í skólanum. **Margrét Steinþórsdóttir** tók við af Þóru okkar á Töfralæk síðastliðinn vetur. Töfralækur er listasmiðjan okkar í Safamýrinni og tekur Magga barnahópa frá öllum deildum í því húsi í allskonar verkefni og listsköpun. Næsta vetur mun hún starfa þvert á allar deildir í skólanum sem er mikið fagnaðarefni. **Elfa Önundardóttir** hefur séð um einingakubbavinnu í Lækjaborgarhúsinu með yngstu börnunum. Þar hefur hún lagt inn mikla og mikilvæga grunnþekkingu og kunnáttu í vinnu með einingakubbana. Það hefur síðan skilað sér á eldri deildarnar þar sem börnin koma með mjög góðan grunn í byggingarlist og umgengni við efniviðinn. **Margrét Sigurðardóttir** hefur sinnt málörvun með eldri börnunum síðustu ár. Hún leggur fyrir Hljóm 2 með elstu börnunum í skólanum. Hún vinnur með þeim börnum sem þurfa auka málörvun, aðstoðar deildarstjóra við að vinna með hópana í heild sinni og hefur sinnt börnum með fjölbreyttri á afskaplega markvissan og árangursríkan hátt.

3.8.1 Töfralækur – 2024 – 2025

Þegar skólinn flutti í Safamýrina tók ég við listasmiðjunni. Rýmið var ekki mjög stórt en við gerðum það hlýlegt og aðlaðandi fyrir börnin, þannig að þau finndu að þau væru velkomin og liði vel. Í byrjun hausts var búið að skipuleggja hvað við ætluðum að gera hverju sinni. Það var fljótt að breytast og settist ég niður með börnunum til að fá hugmyndir frá þeim um hvað þau vildu gera á Töfralæk. Þau vildu meðal annars koma með hluti að heiman til að vinna með í listasmiðjunni, verðlausan efnivið eins og við köllum það. Foreldrar hafa verið mjög dugleg að koma með allskonar efnivið að heiman.

Í haust komu börnin sex í hóp hverju sinni frá einni deild í einu, eldri saman og yngri saman. Fljótlega kom upp sú hugmynd upp að tengja börnin milli deilda betur saman. Eftir áramót komu því 2 börn af





hverri deild, 6 saman í hóp. Þetta gafst afskaplega vel. Börnin voru mjög hjálpsöm og vinaleg hvort við annað og samskiptin urðu meiri milli barna þvert á deildir. Miðað er við að hver hópur hafi 30 – 40 mínútur á Töfralæknum. Sum verkefni taka lengri tíma og þá er tíminn lengdur eða börnin svo niðursökkin í verkefnin sín að þeim er gefin tími og rými til að halda þeirri vinnu áfram eins og hægt er. Það er alltaf val en ekki skylda að koma á Töfralæk. Sum börn hafa ekki viljað koma þegar þeim er boðið. Þeim börnum hefur verið leyft að koma bara og fylgjast með í rólegheitum og fengið að koma þegar þau eru tilbúin til þess. Sumir þurfa lengri tíma en aðrir og þeim er mætt á sínum forsendum. Það hefur verið afskaplega gott samstarf við annað starfsfólk í Safamýrinni, við leitum til hvors annars og hjálpumst að.

Hugleiðingar fyrir næsta vetur.

Ég hef áhuga á því að vinna áfram með og þróa starfið á Töfralæk næsta vetur. Hvað skipulagningu varðar fer það mikið eftir húsnaðinu og aldursamsetningu barnahópanna hvernig það yrði útfært. Stefnan er að koma upp einhverskonar efnisveitu fyrir Töfralæk og skólann næsta vetur. Áhersla næsta vetur inn á Töfralæk verður að tengja meira saman útinám og list. Vinna jafnvel meira út í náttúrunni og færa náttúruna inn á Töfralækinn. Hluti af þessari vinnu gæti verið unnin í þemavinnu í samstarfi við deildarnar. Þemun gætu tengst árstíðum, ferðum barnanna eða áhuga sem sprottið hefur upp í barnahópnum hverju sinni. Við höldum svo áfram með að leggja mikla áherslu á virðingu fyrir efniviðnum, umhverfinu og mikilvægi frágangs í lok stundanna. Í Laugasól viljum við nefnilega hafa heiminn fallegan.

3.8.2 Einingakubbar – 2024 – 2025

Í vetur hafa börnin í Laugasól gefið okkur örlitla innsýn í reynsluheim sinn með því að skapa sögur í gegnum leikinn sinn með einingakubbana. Í leik deila þau einnig reynslu sinni með félögum sínum og á þann hátt læra þau af hvert öðru en margir telja einingakubbana eitt besta námsefni fyrir börn þegar kemur að sjálfsnámi. Það þýðir að við kennarar ættum að gefa börnum sem flest tækifæri til að spreyta sig með þá, því reynsla þeirra er ekkert minna raunveruleg en reynslan sem þau eiga eftir að afla sér síðar (Hirsch, E.S, 1996).

Í upphafi byggingaleiks barna eru þau að glíma við rúmfræðilegt samband á milli kubbanna:

- Nálægð (næst við, við hlið, ofan á).
- Raðir og regla.
- Um girt svæði (inn í og fyrir utan).
- Samfella (yfirborð er samfellt).



- Umfang (þrívídd; kubbar komnir ofan á aðra kubba, undir og í kringum).

Ofangreindir þættir eru það sem börnin hafa verið upptekin af í vetur auk þess sem þau hafa æft sig í góðum samskiptum, hegðun og umgengni. Við höfum verið að telja með þeim kubbanum sem þau eru að nota t.d. í turna og háa stafla sem þau byggja og þegar við flokkum og gerum stafla í frágangi. Börnin eru auðvitað misjafnlega tilbúin í það og áhuginn er breytilegur. Hún er alltaf hárfín þessi lína á milli þess að hvetja börn og pressa á þau og ekki alltaf ljóst hvaða ákvarðanir er best að taka í þeim efnum.

Yngstu börnin eru á fyrstu tveim stigum þróunar í byggingaleik og því hafa þau verið að gera sínar fyrstu tilraunir, oft með fáa kubba, bera þá um, jafnvel raða þeim inni í hillunum og einnig hafa þau verið að búa til lágréttar og lóðréttar raðir á gólfinu. Eldri börnin og þau reynslumeiri hafa



bætt við sig þriðja og fjórða stiginu þar sem þau eru að brúa á milli tveggja kubba og umkringja svæði en þessi stig eru talin með fyrstu tæknilegu



„byggingavandamálunum“ sem þau glíma við og gaman er að fylgjast með. Með hækkandi aldri barnanna fer viðbótarefni eins og tréfigúrur (dýr og fólk) og litlir litaðir teningar að skipta meira máli til þess að hlutverkaleikurinn fái að blómstra og sá efniviður hefur notið mikilla vinsælda í vetur. Þá eru líka mörg dæmi um að börnin hafi verið að gera stafi úr kubbum.

Með kæru þakklæti fyrir ánægjulegt samstarf og von um velgengni í einingakubbastarfi Laugasólar ☺

3.8.3 Málörvun – 2024 – 2025

Unicef og regnbogavottun

Regnbogavottun finnst mér hafa skinið í gegn í öllu starfi. Fjölbreytt verkefni og bókakostur til umræðu og börnin meðvitaðri um fjölbreytileikann. Aðalega eru mínir styrkleikar í að skoða og lesa bækur sem sýna fjölbreytileika. Mættum gera en betur með bókakost í skólanum og auka úrvalið. Það var mikil gleði í kringum gleðigönguna og öll börn tóku þátt.

Erasmus. leikverkefnið



Mitt hlutverk var að vinna í sögugerð með elsta barnahópnum. Öll börnin bjuggu til perusögu og myndskreyttu. Ég gerði það viljandi að lesa ekki sjálf bókina, þannig að börnin kæmu með hugmyndir sjálf. Sum börn voru upptekin að sjálfri sögunni en önnur skálduðu sína sögu um Mítsó og Bastían. Mjög skemmtilegt verkefni og flestir mjög ánægðir. Vann út frá því að þau tæku ákvarðanir með framhaldið og að tengja saman myndir og texta. Þetta var góð æfing í að vinna sjálfstætt og ekki allir á sama stað.

Hlakka til samstarfs um leikinn þar sem allir í skólanum taka þátt.

Hef mikinn áhuga á leiknum og hvernig hinn fullorðni getur verið einn þátttakandi í leiknum og hjálpað þeim börnum sem þess þurfa. Hef orðið vör við í vetur að börn með annað móðurmál vantar oft orð yfir hluti í samræðum. Væri til í námskeið fyrir allan hópinn líkt og workshop, þar sem við sjálf værum að leika okkur ásamt góðri fræðslu.

Hljóm

Tók hljómpróf á öllum börnum fæddum 2019 nema tveimur sem ekki voru nógu sterk í íslensku. Þetta voru 23 börn. Flest öllum gekk vel. Myndaði 5-6 barna hóp og var með verkefnið *Markviss málörvun* þrisvar sinnum í viku í um það bil 1 klst. í einu. Fór þá yfir alla þætti, rím, samstöfur, taka í sundur orð, setja tvö orð saman í eitt ásamt hljóðgreiningu og hljóðtengingu. Við fórum alltaf í spil sem voru málörvandi, tengdi Lubba inn í og fór yfir stafi sem búið var að leggja inn. Eftir áramót tók ég aftur hljóm með þeim börnum sem þurfti að efla í vissum þáttum. Flest börnin höfðu bætt sig mikið sem sýnir að börnin eru móttækileg og læra í gegnum leik og leiki.

Hef verið með samverustund í hádegi sem er um það bil 45 mín. Skipti elstu barna hópnum í fjóra hópa. Einn hópur viku í senn. Las framhaldsögu, bauð upp á notalega stund með koddum og teppum ef þau vildu. Þetta hefur gengið vonum framár. Öll börnin voru til fyrirmyndar og náðu góðri slökun. Útskýrði þung orð sem komu upp í bókunum og við ræddum orð sem ekki allir skildu. Alltaf farið í spil og leiki eftir lesturinn.

Samskiptasáttmáli og skólabragur.

Mikilvægt að byrja næsta skólaár með hreint borð og jákvæðni. Mikilvægt að allar deildir séu með svipað skipulag og áherslur, þannig að öll börnin fái sömu upplifun. Bæta til dæmis merkingar og nota myndir og orð til að allir viti hvað er hvað. Þeir foreldrar sem ekki tala íslensku þurfa betri útskýringar á svæðum, til dæmis: matsalur, listasmiðja, sérkennsla og fleira. Þegar foreldrar koma inn í leikskólann eiga þeir að finna að þetta er einn leikskóli. Þessi vetur hefur að mörgu leit verið rólegri





færri börn í húsi. En mjög slæm aðstaða fyrir sérkennslu og vinnuhópa. Fara þarf vel yfir matartíma og umgengni í matsal og virðingu fyrir matnum. Það er frábært starfsfólk í Laugasól. Nýta mannauðinn, allir sterkir í einhverju. Einblína á styrkleika, ekki veikleika þá erum við frábær leikskóli.

4 Umbótaáætlun 2024-2025

Þar sem breytingar verða næsta vetur á deildarskipan og fjölda vegna flutninga var gerð sameiginleg umbótaráætlun miðað við aldur barna. Draumalækur, Sunnulækur og Mánalækur unnu umbótaáætlun fyrir aldurinn 1-3.ára. Undralækur, Fagrilækur og Ljúfilækur unnu umbótaáætlun fyrir aldurinn 3-6.ára. Valdir voru þrír matsþættir fyrir næsta ár sem verður metið jafnt og þétt yfir skólaárið á öllum deildum. Okkur langar að skoða **matartímann** enn betur. Hvar tækifæri til að efla okkur liggja en einnig til að samræma okkur til að byggja upp samfellu í ferli barnanna. Gera matartímann að enn meiri gæðastund þar sem öllum líður vel og geta virkilega notið matarins. Síðasta vetur fengum við fræðslu um **Lubbi finnur málbein** og ákváðum að byrja að vinna markvisst eftir þeirri aðferð í tengslum við málörvun barna í skólanum. Það er því mikilvægt að meta það næsta vetur til þess að fylgjast með þróun vinnunnar en einnig til þess að festa þessa vinnu í sessi sem starfshætti í skólanum með markvissum hætti. **Leikur, nám og gleði verkefnið** sem við höfum verið í erasmus + samstarfi síðustu ár fær framhaldslíf næstu tvö árin með samvinnu íslensku skólanna. Það mun taka einhverjum breytingum en mun halda áfram að einblína á leikinn og þátttöku starfsfólks og kennara í leik barna. Verkefnið verður metið jafnt og þétt næstu tvö ár og mun því verða matsþáttur okkar í Laugasól næstu tvö árin.

Matið fer fram þrisvar yfir árið. Í upphafi árs er tekið stöðumat um hvar við stöndum á þeim tíma. Um mitt árið er metið hvaða breytingar hafi átt sér stað frá því um haustið og að lokum er tekið saman lokamat í Maí um framvindu vetrarins í þeim þáttum sem verið er að meta.





4.1 Yngri hópur

Matartími.

Yngri hópur, 1-3.ára.	
uppeldis og menntastarf	Gera börnin sjálfstæð og styrkja þau í sjálfshjálp.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Gera aðbúnað betri, auðvelda börnunum fráganginn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja þvottagrind fyrir glösin, ferkantað stærra ílát fyrir afganga, grind fyrir diska.
Ábyrgð	Deildarstjórar og allir hinir
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2025, lýkur aldrei en stöðugt í endurmati
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Fullorðnir horfa, tala saman og meta. Fundað með elstu börnunum og þau spurð hvernig frágangur gengur, hvað gengur vel og hvað má betur fara.

Lubbi finnur Málbein.

Yngri hópur, 1-3.ára.	
uppeldis og menntastarf	Vera með skipulagðar Lubba stundir einu sinni í viku.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt á að efla málþroska barna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Tökum fyrir eitt málhljóð í Lubba stund sem við síðan yfirfærum í t.d. matartímann, gönguferðir, leik, söng og sögur/bækur. Málhljóðin eru tekin í þeirri röð sem að þau eru í bókinni
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2025 og lýkur aldrei en í stöðugu endurmati.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Tras og Hljóm





Leikur, nám og gleði – Leikverkefnið.

Yngri hópur, 1-3.ára.	
uppeldis og menntastarf	Bæta og efla frjálsa leikinn.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auðga leik barna og víkka út hugsun starfsfólks.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Heimsóknir milli leikskóla og samræður og sjá hvað aðrir eru að gera, hvernig og með hvaða leikefni.
Ábyrgð	Deildarstjórar og allir hinir
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2025 og lýkur vorið 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Samtal starfsfólks, teknar myndir, lesið í svipbrigði og látbragð. Rætt á deildarfundum og starfsdögum.





4.2 Eldri hópur.

Matartími/Matsalur.

Deild/aldur barna	
uppeldis og menntastarf	Minnka matarsóun, virkja starfsfólk, bæta borðsiði
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Takmarka fjölda barna í matartíma, börnin fá að hafa áhrif á matartíma
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Samvinna við matráð, starfsfólk fari á milli borða til að aðstoða börn, fræðsla um matarsóun
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið í desember 2025. Deildarfundir, réttindaráð, barnahópurinn. Skráningar og samtöl

Lubbi finnur Málbein.

Deild/aldur barna	
uppeldis og menntastarf	Vikuleg Lubbastund, útbúa Lubbasvæði, verði meiri hluti af starfinu,
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Lubbi fái stærra hlutverk í starfinu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa Lubbasvæði, virkja Lubba t.d. í matsal og í ferðum, bein með nöfnum barnanna
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið í desember 2025. Deildarfundir, réttindaráð, barnahópurinn. Skráningar og samtöl





Leikur, nám og gleði – Leik verkefnið.

Deild/aldur barna	
uppeldis og menntastarf,	Börnin hafi áhrif á verkefnið, t.d. með efni, þema. Starfsfólkið virkara með því að hlusta og taka þátt í leik á forsendum barnanna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Barnið hafi meira vægi í náminu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna með smærri hópa og fleiri svæðum
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið í desember 2025. Deildarfundir, réttindaráð, barnahópurinn. Skráningar og samtöl





4.3 Sérkennsla

Lubbi finnur málbein

Sérkennsla	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lubbi finnur málbein Sérkennslan heldur utan um sameiginlegt Lubbasvæði þar sem að við erum með efnivið sem tilheyrir hverju hljóði. Efnivið sem er auðvelt að grípa í og í svipuðu formi og samveruveggurinn sem við innleiddum s.l. skólaár.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Innleiðing Lubba inn á allar deildir Laugasólar næstkomandi vetur 2025-2026.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Einn starfsmaður á hverri deild er ábyrgðarmaður með Lubba og sjái um að innleiða þetta verkfæri inni á sinni deild. Hafi áhuga á málörvun og læsi. Sérkennslustjórar setja upp ramma og hugmyndir að skipulagi á skjal sem deild fær til stuðnings.
Ábyrgð	Sérkennslustjórar og starfsfólk sérkennslu.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Vinna hefst haustið 2025 og innleiðing klár vorið 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við viljum dýpka enn betur hversu mikilvægt það er að hafa efni aðgengilegt. Næsta vetur munum við leggja enn meiri áherslu á samtal við deildarstjóra og starfsmenn á deildum. Einföld skráning fyrir mánuðinn hvað er tekið fyrir í Lubbastundum inni á deild og munu sérkennslustjórar halda utan um það og þá er hægt að fara yfir þær skráningar á deildastjórafundum í lok hvers mánaðar. Hvernig innleiðing á Lubba er að ganga á deildum og hvað mætti betur samræma.





Tengslareikningur.

Sérkennsla	
uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Til að efla félags- og tilfinningaþroska nýttum við efni frá hegðunarráðgjöfum frá þjónustumiðstöð, útbjuggum hegðunarihlutanir fyrir einstaka börn og markmið. Tengslareikningurinn og ýmsu tengdu tilfinningum barna og kennara og tengslin þeirra á milli. Við viljum nýta þetta enn betur veturinn 2025-2026 og vinna dýpra með þetta efni.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allar deildir nýti sér tengslareikninginn og skráningar tengdar honum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að deildir hafi lítið sett, sem inniheldur möppu með skráningarblöðum og verkefnum tengdum tengslareikningum.
Ábyrgð	Sérkennslustjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 og er þetta opið, engin bein verklok nema endurhugsa, breyta og bæta í lok hvers skólaárs.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hver og ein deild þarf að halda vel utan um skráningar. Senda frá sér skráningar á þriggja mánaða fresti til sérkennslustjóra hvernig tengslareikningurinn hafi nýst deildinni. Hvort búið sé að horfa á öll börn deildarinnar og skráning sé í takt við það. Einnig rætt á deildarstjórafundum hvernig innleiðingin er að ganga.





5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.

Miðað verður við að hafa starfsþróunarsamtöl tvisvar sinnum yfir árið, eitt að hausti og annað að vori. Bætt verður inn innliti sem er styttri samtalstími sem mun vera í boði einu sinni í viku á ákveðnum tímum.

Fræðsla á starfsdögum mun miða að leikverkefninu sem við erum að fara að vinna að í vetur. Hluti af því verður skipulagt í samstarfi við hina skólana. Það verður því fengin fræðsla tengd leiknum, gildi hans og mikilvægi þess að kennarar og starfsfólk taki þátt með börnunum. Það stendur til að klára samskiptasáttmála fyrir skólann og því stefnt að því að fá fræðslu tengt honum. Allt annað starf í skólanum flettist inn í þessa þætti, málörvun, félagsfærni, samskipti, læsi í víðum skilning og lýðræði svo eitthvað sé nefnt. Það verður því miðað við að fá fræðslu sem tengir þessa þætti inn í allt starfið í Laugasól.

6 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar.

Samvinna skólanna er að miklu leiti formföst hvað varðar heimsóknir elstu barnanna í leikskólanum í bæði skólann og frístundina Laugasel. Önnur verkefni tengjast að miklu leiti okkar frábæru Gleðigöngu sem haldin er árlega og margskonar verkefni unnin á ári hverju þar sem grunnskólabörn og leikskólabörn vinna að verkefnum saman í gleðivíkunni. Gleðivíkan hefst á mánudegi fyrir göngu og líkur svo með göngunni í lok vikunnar, þar sem Laugasól, Hof, Laugarnesskóli og Laugarlækjaskóli ganga saman til að fagna fjölbreytileikanum.

Gróf áætlun næsta vetrar í tengslum við heimsóknir milli Laugasólar, Laugarnesskóla og Laugasel:

- **Nóvember** - heimsækja nemendur 5. bekkja leikskólanna. Lesa fyrir börnin og leika
- **Nóvember/desember** - Bókasafnsheimsókn. Leikskólinn hefur samband við Vigni á bókasafninu.
- **Janúar** - heimsækja nemendur 1. bekkjar gamla leikskólann sinn. Boðið er upp á ávexti í leikskólanum.
- **Janúar/ febrúar** - nemendur leikskólanna koma í heimsókn til stjórnenda Laugarnesskóla og fara í skoðunarferð um skólann.
- **Mars** - bekkjarheimsóknir leikskólanna í 1. bekk.
- **Apríl** - Samráðsfundur skólanna vegna Gleðigöngunnar.
- **Mái** – Heimsókn leikskólanna í Laugasel. Leikskólum stendur til boða að heimsækja Laugasel og leika þar á vordögum eins oft og það hentar þeim.
 - Gleðivíka - Markmiðið er að gleðjast í aðdraganda Gleðigöngu og hafa einfalt föndur í boði fyrir þá sem vilja en annars er frjáls leikur.
 - Gleðiganga Hofs, Laugasólar, 1. og 2. bekkjar Laugarnesskóla og 7. bekkjar Laugalækjarskóla.
- **Mái** – Vorskóli fyrir verðandi nemendur í 1. bekk og foreldra





7 Foreldrasamvinna

Eins og kom fram í umbótaráætlun skólans verður lögð áhersla á að auka þátttöku foreldra í foreldraráði og foreldrafélaginu. Stjórnendur ætla að styðja betur við þessi ráð og félög. Markmiðið með þessu er að reyna auka þátttöku foreldra í starfi skólans og færa foreldra og forráðafólk nær daglegu starfi skólans.

Foreldrafélagið hefur skipulagt skemmtun á jólaball skólans í samráði við stjórnendur, haldið sumar hátíð skólans. Starfsfólk og foreldrar hjálpast að við að grilla, mála börn og hafa gaman saman.

Hugmynd kom frá núverandi foreldrafélagi um að styrkja bókakost skólans og út frá því kom góð umræða um aðkomu foreldra að slíku. Þetta gæti verið spennandi leið að samvinnu við foreldra og forráðafólk á næsta ári. Sérstaklega þar sem við erum að flytja og sameina húsin.

Boðið verður upp á heimsóknir í skólann í morgunkaffi/foreldrakaffi. Áhugi er fyrir því að reyna að efla þetta enn frekar og bæta jafnvel við einhverskonar opnu húsi eða slíku.

Það eru haldnar foreldrakynningar á hverju hausti fyrir alla foreldra, gamla og nýja. Þar er starfið kynnt og farið yfir venjur og hefðir skólans.

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

8.1 Skipulagsdagar veturinn 2025 – 2026

1. 22.ágúst.
2. 29.október
3. 2.janúar
4. 6.febrúar
5. 7.apríl
6. 15.maí





8.2 Leikskóladagatal 2025 – 2026

Leikskóladagatal 2025 - 2026												Nafn leikskóla: Laugasól	
ÁR	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARZ	APRIL	MÍJ	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁR	ÁR
1. F. Leikskóli	1. M.	1. M.	1. L.	1. M.	1. M.	1. M.	1. M.	1. M.	1. M.	1. M.	1. M.	1. M.	1. M.
2. L.	2. M.	2. F.	2. M.	2. M.	2. F.	2. F.	2. M.	2. M.	2. M.	2. L.	2. M.	2. M.	2. F.
3. L.	3. M.	3. F.	3. M.	3. M.	3. L.	3. M.	3. M.	3. M.	3. M.	3. F.	3. M.	3. M.	3. F.
4. M. Fréttir og vísindislegar	4. F.	4. L.	4. M.	4. F.	4. M.	4. M.	4. M.	4. M.	4. M.	4. L.	4. M.	4. F.	4. L.
5. Leikskóli	5. F.	5. M.	5. M.	5. F.	5. M.	5. F.	5. F.	5. F.	5. F.	5. M.	5. M.	5. F.	5. M.
6. Leikskóli	6. L.	6. M.	6. L.	6. M.	6. L.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. L.	6. M.	6. L.	6. M.
7. Leikskóli	7. M.	7. F.	7. F.	7. M.	7. M.	7. L.	7. L.	7. L.	7. L.	7. F.	7. F.	7. F.	7. M.
8. Leikskóli	8. M.	8. M.	8. L.	8. M.	8. F.	8. M.	8. M.	8. M.	8. M.	8. F.	8. M.	8. M.	8. M.
9. L.	9. M.	9. F.	9. M.	9. M.	9. F.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. L.	9. M.	9. M.	9. F.
10. L.	10. M.	10. F.	10. M.	10. M.	10. L.	10. M.	10. M.	10. M.	10. M.	10. F.	10. M.	10. M.	10. F.
11. Leikskóli	11. F.	11. L.	11. M.	11. F.	11. M.	11. M.	11. M.	11. M.	11. M.	11. L.	11. M.	11. F.	11. L.
12. Leikskóli	12. F.	12. M.	12. M.	12. F.	12. M.	12. F.	12. F.	12. F.	12. F.	12. M.	12. M.	12. F.	12. M.
13. M. Leikskóli	13. L.	13. M.	13. F.	13. L.	13. M.	13. F.	13. F.	13. F.	13. F.	13. M.	13. L.	13. M.	13. M.
14. F. Einnig eftir	14. M.	14. M.	14. F.	14. M.	14. M.	14. L.	14. M.	14. M.	14. M.	14. F.	14. M.	14. M.	14. M.
15. F.	15. M.	15. M.	15. L.	15. M.	15. F.	15. M.	15. M.	15. M.	15. M.	15. F.	15. M.	15. M.	15. M.
16. L.	16. M.	16. F.	16. M.	16. M.	16. F.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. L.	16. M.	16. M.	16. F.
17. M.	17. M.	17. F.	17. M.	17. M.	17. L.	17. M.	17. M.	17. M.	17. M.	17. F.	17. M.	17. M.	17. F.
18. M.	18. F.	18. L.	18. M.	18. F.	18. M.	18. M.	18. M.	18. M.	18. M.	18. L.	18. M.	18. F.	18. L.
19. M.	19. M.	19. F.	19. M.	19. M.	19. F.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. L.	19. M.	19. F.	19. M.
20. M.	20. L.	20. M.	20. F.	20. M.	20. M.	20. F.	20. M.	20. M.	20. M.	20. L.	20. M.	20. F.	20. M.
21. F.	21. M.	21. F.	21. M.	21. M.	21. L.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. F.	21. M.	21. M.	21. F.
22. F. Leikskóli	22. M.	22. M.	22. L.	22. M.	22. F.	22. M.	22. M.	22. M.	22. M.	22. F.	22. M.	22. M.	22. F.
23. L.	23. M.	23. F.	23. M.	23. M.	23. F.	23. M.	23. M.	23. M.	23. M.	23. L.	23. M.	23. M.	23. F.
24. M.	24. F.	24. M.	24. M.	24. F.	24. M.	24. M.	24. M.	24. M.	24. M.	24. F.	24. M.	24. M.	24. F.
25. M.	25. F.	25. L.	25. M.	25. M.	25. F.	25. M.	25. M.	25. M.	25. M.	25. L.	25. M.	25. F.	25. L.
26. M.	26. F.	26. L.	26. M.	26. M.	26. F.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. L.	26. M.	26. F.	26. L.
27. M.	27. L.	27. M.	27. F.	27. M.	27. M.	27. F.	27. M.	27. M.	27. M.	27. L.	27. M.	27. F.	27. M.
28. F.	28. M.	28. F.	28. M.	28. M.	28. L.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. F.	28. M.	28. M.	28. F.
29. F.	29. M.	29. M.	29. L.	29. M.	29. F.	29. M.	29. M.	29. M.	29. M.	29. L.	29. M.	29. M.	29. F.
30. L.	30. F.	30. M.	30. M.	30. F.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. L.	30. M.	30. M.	30. F.
31. M.	31. F.	31. M.	31. M.	31. L.	31. M.	31. M.	31. M.	31. M.	31. M.	31. F.	31. M.	31. M.	31. F.

Einnig er hægt að nálgast dagatalið á heimasíðu skólans: [Laugasól](#) | [Reykjavík](#)

9 Heimildir

Hirsch, E. S. (1996). The block book. Í E. S. Hirsch (Ritstjóri), Washington, D. C: NAEYC.
(Upphaflega útgefin 1984).

F. h. leikskólans

Hanna Halldórsdóttir 12.7 2025

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Laugasól

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hjördís Gulla Gylfadóttir

Katerina Inga Antonsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

já, mjög góð innsýn

Já, ég tel áætlunina gefa góða innsýn.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Engar athugasemdir. Varðandi að bæta bókakostinn gæti verið góð hugmynd að bjóða fjölskyldum (valfrjálst) að þær gefi leikskólanum vel með farnar bækur af sínum heimilum. Bækur sem hætt er að lesa heima en gæti verið gaman að bæta við leikskólann

Fulltrúar í foreldraráði:

Hjördís Gulla Gylfadóttir

Katerina Inga Antonsdóttir





Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Katherine Inge Rübner





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



